

Kæru samkomugestir, innilega til hamingu með daginn í dag, alþjóðlegan baráttudag verkafólks.

Það er mikill heiður fyrir mig að vera boðið að vera ræðumaður dagsins á þessum hátíðisdegi. Og ekki síst að fá boðið frá Verkalýðsfélagi Akraness, þessum tæplega nítíu ára öldungi sem er þó svo sprækur að eftir er tekið um land allt.

Já, fyrsti maí er svo sannarlega mikilvægur dagur í mínum huga og honum fylgja margar minningar úr barnæsku. Stéttabarátta var föður mínum í blóð borin en hann helgaði sig verkalýðsbaráttu í mörg ár, meðal annars sem formaður síns stéttarfélags, Félags bifreiðasmiða í 13 ár. Ég held að ég hafi ekki misst úr göngu með honum öll mín uppvaxtarár á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar.

Nöfn eins og Guðmundur Jaki, formaður Dagsbrúnar, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir formaður Sóknar festust í huganum sem alþýðuhetjur þess tíma og tákngervingar stéttarbaráttunnar 1. maí. Og þá eins og nú var verkalýðsfélag Akraness áberandi með kvenskörungana Herdísí Ólafsdóttur og Bjarnfríði Leósdóttur í broddi fylkingar.

En hver skyldu hafa verið helstu baráttumálin þeirra? Eru þau frábrugðin áherslum okkar í dag?

Yfirskrift ASÍ fyrir daginn í dag er *Kaupmáttur, atvinna, velferð*. Þegar sagan er skoðuð þá voru þetta helstu baráttumálin líka á sjöunda áratugnum. Tuttugu þúsund manns í 60 félögum fóru í 15 daga verkfall árið 1968 og því lauk ekki fyrr en skrifað hafði verið undir samkomulag um verðlagsbætur. Þannig að kaupmáttur var eitt af mikilvægu málunum á þeim tíma, rétt eins og aðgerðir gegn verðbólgu og verðtryggingu eru mál málanna í dag. Verðbólgan var reyndar 40 til 60 % um tíma og samningar því upp á tugi prósentu hækkanir.

Velferðarmálin voru mikilvæg, þá eins og nú en í maí 1969 tókust samningar í kjaradeilu verkalyðssamtaka og atvinnurekenda eftir öflugt verkfall og það merkasta í þeim samningum var sú ákvörðun að koma upp lífeyrissjóðum fyrir verkamenn, til að jafna réttindi þeirra við réttindi opinberra starfsmanna.

Jafnréttismálin voru vissulega fyrirferðarmikil á áttunda áratugnum en árið 1975 lögðu Íslenskar konur niður vinnu og vildu fá sömu laun fyrir sambærileg störf. Árið 1976 voru svo fyrstu jafnréttislögin lögfest.

En baráttan fyrir bættem kjörum og aukinni velferð gerðist ekki af sjálfu sér. Margir félagsmenn lögðu nótt við nýtan dag í sjálfboðastörfum fyrir félagið sitt og tóku jafnvel áhættu með eigin störf og afkomu. Við eigum þessu fólki margt að þakka. Vökulögin, almannatryggingakerfið, verkamannabústaðir, 40 stunda vinnuvika og áður nefnd lífeyrissjóðir og lög um jafnan rétt karla og kvenna eru á meðal þeirra lífsgæða sem samstaða og barátta verkafólks skilaði okkur sem erum á vinnumarkaði í dag.

Þegar hart er í ári eins og það hefur verið hjá fjölmörgum á undanförunum árum þá er oft gott að leita í söguna. Og þá gjarna lengra aftur en frá uppvaxtarárunum mínum á sjöunda og áttunda áratugnum.

Við höfum sem þjóð lent í miklum hremmingum, vegna sjúkdóma, náttúruhamfara og vegna veðurfars. Þegar Íslendingar flúðu vestur um haf á ofanverðri nítjándu öld þá herjuðu farsóttir á landinu og það var óvenju kalt enda hafís fyrir Norðurlandi.

Séra Matthías Jochumson orti þá árið 1888:

Volaða land,
Horsælu hérvistar slóðir
Húsgangsins trúfasta móðir
Volaða land

Hafísa land
Ískrandi illviðrum marið
Eilífum hörmungum barið
Hafísa land

Drepanði land
Búið með kjark vorn og kjarna
Kúgandi merg þinna barna
Drepanði land

Seinna um haustið skrifaði Matthías eftirfarandi til vinar síns:
„Í vor lá mér við eins konar brjáli til dæmis þegar ég orti kviðlinginn
góða, ég horfði á hungurkvalir á hverjum degi og sá landið lokað af
dauðanum. Í normal ástandi gat ég ekki þannig ort. Þetta er
psychologískt problem...“

En Ísland var á þessum árum eitt fátækasta land Evrópu og það er sá
jarðvegur sem við erum flest sprottin úr. Við erum ekki komin af
kóngafólki og aðalsmönnum heldur alþýðufólki sem háði stranga
lífsbaráttu til að búa til samfélag sem einkennist af jöfnuði og sterkri
félagslegri umgjörð.

Það er í raun ótrúlegt hvað hefur áunnist frá því að fyrstu
verkalýðsfélögin voru stofnuð hér á landi og fram til dagsins í dag.

Gleymum við ekki alltof oft að þakka þeim sem hafa varðað leiðina
fyrir okkur hin?

Kæra samkoma.

Eitt af því sem hefur áhrif á launafólk á Íslandi í dag eru miklar sviptingar á vinnumarkaði, og þá á ég við vegna uppsagna en einnig vegna samruna fyrirtækja og stofnana og ýmissa breytinga vegna tækninýjunga eða markaðsaðstæðna. Breytingar valda oft kvíða hjá starfsfólki og það er mikið hagsmunamál starfsfólks að umgjörð og framkvæmd slíkra breytinga sé fagleg og taki markvisst á þeim óvissuþáttum sem geta skapast. Fólk á ekki að þurfa að fréttu í fjölmiðlum að deildin þeirra hafi verið lögð niður eða að fyrirtækið hafi verið sameinað öðru og að stór hluti þess muni missa vinnuna.

Ég dreg enga dul á það að ég hef sjálf verið í mörg ár í hlutverki atvinnurekandans, það er sem stjórnandi. Sem slík hef ég borið ábyrgð á starfsmannahaldi og því mikilvæga hlutverki að sjá til þess að það sé veitt góð þjónusta til almennings en að starfsemin haldist innan ramma fjárhagsáætlunar.

Í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008 var hin raunverulega áskorun hjá Reykjavíkurborg, þar sem ég starfaði sem stjórnandi, að halda í störfun. Og það var ekki gert nema með miklum sparnaðaraðgerðum og launalækkunum sem byrjuðu í efsta þrepinu og fóru svo stigminnkandi eftir því sem launin voru lægri.

Svo voru launin fryst.

Það sem gerðist síðan – ekki bara í Reykjavík heldur á velflestum vinnustöðum landsins er að fólk lagði aukalega á sig, fyrir lægri laun, til að halda öllu gangandi – líklega í þeirri trú og von að ástandið yrði tímabundið. Sumar starfsstéttir höfðu reyndar verið undir miklu álagi

vegna niðurskurðar í einhver ár fyrir efnahagshrunið, t.d. hluti af heilbrigðisstéttunum. En allt um það, árin hafa liðið og maður finnur það svo víða að það er komið að þölmörkum hjá mörgum starfsstéttum. Við erum að tala um tæp fimm ár hið minnsta með viðvarandi niðurskurð og hagræðingu að leiðarljósi.

Almenningur á Íslandi er búinn að lyfta grettistaki síðastliðin ár. Gleymum því aldrei.

Ég hef kennt breytingastjórnun við háskólann á Bifröst nokkur undanfarin ár. Nemendur vinna gjarnan verkefni, byggð á þeirri reynslu sem þeir hafa af breytingum á eigin vinnustöðum. Og það er varla til sá nemandi sem ekki hefur upplifað miklar breytingar á síðustu árum. Margir urðu fyrir þeirri erfiðu reynslu að missa vinnuna í kjölfar hrunsins og þeir sem sátu eftir voru jafnvel með samviskubit yfir því að halda starfinu. Og þeir hafa þurft að vinna á tvöföldum hraða þar sem verkefni hafa ekkert farið, þó fólkinu hafi fækkað.

Ég held að það sé komið að því hjá okkur, sem stýrum stórum vinnustöðum, að taka höndum saman við starfsfólkið okkar og blása eld að nýju í glæðurnar. Það þarf að fylla á tankinn, veita súrefni. Í metnaðarfullum og áhugasömum starfsmönnum býr sá sköpunarkraftur sem skiptir öllu máli fyrir þróun atvinnulífsins.

Hér leikur fræðsla lykilhlutverk. Við erum svo heppin að eiga öfluga sjóði í flestum stéttarfélögum sem standa okkur til boða. Ég fékk þrjár kraftmiklar konur til að kynna metnaðarfullt fræðsluverkefni á vegum Landsmenntar og Starfsmannafélags Reykjavíkur í samstarfi við Símenntunarmiðstöð Vesturlands á forstöðumannafundi hjá Akraneskaupstað um daginn. Verkefnið snýst um að meta fræðsluþörf hjá starfsmönnum sem hafa ekki háskólamenntun né aðra sérfræðimenntun og setja af stað markvissa fræðslu og þjálfun sem

tekur yfir eitt ár. Nokkur sveitarfélög hafa farið þessa leið og við hjá Akraneskaupstað erum mjög áhugasöm. Það væri ekki verra ef fleiri fyrirtæki og stofnanir hér á Akranesi kæmu með í þennan leiðangur, það gæti aukið ávinninginn mikið hér á þessu atvinnusvæði og gert góða vinnustaði enn betri.

Kæru samkomugestir.

Við gengum til kosninga hér á Íslandi um síðustu helgi og þessa dagana er verið að undirbúa myndun nýrrar ríkisstjórnar.

Það væri óskandi að við kæmumst upp úr skotgröfunum í þessu fámenna en fallega landi okkar og gætum tekið höndum saman um að byggja hér upp samfélag sem einkennist af fjölbreyttu atvinnulífi og almennri hagsæld hjá landsmönnum öllum.

Öll él birtir upp um síðir.

Það gerði það líka hjá Séra Matthíasi Jochumsen sem, þrátt fyrir „brjálið“ sem heltók hann þegar verst lét, varð þjóðskáldið okkar með óð sinn um landið okkar fagra þar sem „Vér kvökum og þökkum í þúsund ár, því þú ert vort einasta skjól. Vér kvökum og þökkum með titrandi tár, því þú tilbjóst vort forlagahjól.“

Ég þakka fyrir áheyrnina og óska okkur öllum góðrar stundar hér í dag.